

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN Efnahagsbrotadeild	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	R L S
Skýrslu gerir Sveinn I. Magnússon, löggreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-0086	IV/39.1
Staður og stund: Reykjavík – þriðjudaginn 9. nóvember 2004. Klukkan 10:40.		
Sakarefni: Ætlaður fjárdráttur – brot á lögum um bókhald		
Vitni: Bjarni Ármannsson	Kennitala: 230368-5389	
Starf/staða: Forstjóri Íslandsbanka	Vinnusími: 440-4000	
Löghemili: Bakkavör 28, Seltjarnarnes	Sími: 844-4002	
Dvalarstaður:	Sími:	

Bjarni er mættur til skýrslutöku á skrifstofu efnahagsbrotadeilda samkvæmt boðun. Bjarni er forstjóri Íslandsbanka og kom að viðskiptum bankans við Baug-Group hf. varðandi viðskipti með eignarhluti í A-Holding. Í ljósi þess er hann mættur til skýrslutökunnar sem vitni. Honum er kunnugt um tilefni þessarar skýrslutöku sem varðar viðskipti Íslandsbanka við Baug-Group hf varðandi fjármögnun og uppgjör í tengslum við A-Holding, dótturfélag Baug-Group hf.

Bjarna er kynnt sú ábyrgð vitnis að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta. Jafnframt að röng skýrsla vitnis getur varðað refsiábyrgð. Bjarna er einnig kynnt vitnaskyldan.

Bjarni kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og vera reiðubúinn að tjá sig.

Bjarni er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum er varða kaup Íslandsbanka og annarra íslenskra aðila á hlutabréfum í Arcadia og stofnun félagsins A-Holding gagngert til að halda utan um fjárfestinguna í Arcadia.

Bjarni segir að upphafið af þessum viðskiptum hafi verið með þeim hætti að Jón Ásgeir Jóhannesson hafi staðið fyrir kaupum á hlutafé í Arcadia. Bjarni segir að bankanum hafi verið kunnugt um þessi viðskipti hans og á einhverjum tímapunkti hafi Jón Ásgeir leitað til Íslandsbanka um að koma að eignarhaldsfélagi sem héldi utan um fjárfestinguna í Arcadia. Bjarni segir að í framhaldinu hafi A-Holding verið stofnað og Íslandsbanki, Kaupþing, Gilding, Gaumur og Baugur hafi verið stofnhluthafar í félaginu.

Bjarni tekur það fram að Íslandsbanki hafi gengist í ábyrgð gagnvart Deutsche Bank á láni sem A-Holding hafi tekið, með bak ábyrgð annarra hluthafa í A-Holding. Með því móti hafi A-Holding reynst mögulegt að auka enn frekar hlut sinn í Arcadia.

Bjarni segir að á einhverjum tímapunkti hafi Baugur Group viljað leysa til sín allt hlutafé í A-Holding að lægra gengi en upphaflegur kaupréttarsamningur kvað á um. Bjarni segir að forsvarsmenn Baug hafi verið með meirihluta eign í A-Holding ef einnig er tekið tillit til eignarhlutar Gaums í félaginu. Hann segir að þar með hafi minnihluta eigendur í A-Holding verið í verri samningsstöðu gagnvart þessu nýja tilboði Baug, en eftir einhverjar samningaumleitanir hafi verið samið um lægra verð en upphaflegur samningur kvað á um.

06113

Bjarni kveðst minnast þess að rætt hafi verið um einhverja þóknun til Íslandsbanka í þessu sambandi, en kveðst ekki muna hvernig því hafi verið lent í samningnum. Hann kveðst þurfa að kanna það nánar til þess að geta skýrt nánar frá því.

Bjarni er spurður hvaða starfsmenn Íslandsbanka hafi komið að þessum viðskiptum fyrir hönd Íslandsbanka.

Bjarni kveðst sjálfur hafa séð um þessi viðskipti ásamt Finni R. Stefánssyni, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Íslandsbanka.

Bjarna er kynnt að lögregla hafi í þágu rannsóknar málsins fengið afhentan hluthafasamning hluthafa A-Holding, frá 4. apríl 2001. (fskj. 14). Jafnframt var þann sama dag gerður samningur "Deed of Call Option" (fskj. 15) sem er á milli Baugs og A-Holding. Þar fær Baugur kauprétt til að kaupa hlutabréf A-Holdings í Arcadia á fyrirfram skilgreindu verði á fyrirfram skilgreindum tíma. Bjarni er beðinn um að gera grein fyrir þessum samningi.

Bjarni segir að þessir samningar hafi verið útbúnir við stofnun eignarhaldsfélagsins A-Holding. Í hluthafasamningnum hafi komið fram eignahlutur hvers hlutahafa í A-Holding og almenn atriði. Í kaupréttarsamningnum "Deed of Call Optin" hafi verið ákvæði um einhliða kauprétt Baugs til að kaupa hlutabréf A-Holding af öðrum hluthöfum m.v. ákveðið álag á kaupverðið.

Bjarni er beðinn um að gera grein fyrir þeirri reiknireglu sem sett er fram í kaupréttarsamningnum frá 4. apríl 2001, varðandi verðlagningu hlutabréfa A-Holding í Arcadia.

Bjarni skýrir svo frá varðandi reikniregluna í kaupréttarsamningnum að 34% álagið hafi ekki verið reiknað sérstaklega út. Þetta hafi verið samningsatriði. Baugur hafi eðlileg viljað hafa álagið sem lægst en hinir hluthafarnir hafi viljað hafa það sem hæst.

Bjarni er spurður hvort Baugur hafi nýtt sér þau kaupréttarákvæði þessa samnings, þ.e. að Baugur ætti rétt á að kaupa öll hlutabréf A-Holding í Arcadia með 34% álagi á kostnaðarverð A-Holding, þann 28. febrúar 2002, auk þess sem Baugur tæki á sig þann kostnað sem A-Holding hafði haft vegna hlutabréfanna, samanber tl. 3.C í samningnum.

Bjarni segir að aldrei hafi reynt á þennan samning. Baugur hafi ekki nýtt sér þau ákvæði kaupréttarsamningsins að leysa til sín bréfin með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir. Raunin hafi orðið sú að gerður hafi verið nýr samningur milli hluthafanna í A-Holding varðandi yfirtöku Baugs á A-Holding.

Bjarni segir að ákvæði kaupréttarsamningsins frá 4. apríl 2001 hafi verið með þeim hætti að Baugur ætti rétt á að kaupa allan eignarhlut A-Holding í Arcadia. Hins vegar kvað samningurinn á um það að aðrir hluthafar gætu ekki með sama hætti selt Baugi hlut sinn, ef Baugur hefði ekki áhuga á yfirtöku. Bjarni segir að A-Holding hafi verið óskráð félag og kveðst hann hafi metið það svo að það væri betra fyrir Íslandsbanka að gera nýjan samning varðandi yfirtöku Baugs á A-Holding. Aðspurður segir hann það þó ekki hafa verið að frumkvæði Íslandsbanka að gerður var nýr samningur. Þeir hafi hins vegar álitioð nýja samninginn betri kost, enda hafi nýi samningurinn kveðið á um að Íslandsbanki fengi hlutafé í Baugi, sem þá var skráð félag á markaði, á móti hlutafénu í A-Holding sem var óskráð félag.

Undir Bjarna er í því sambandi borinn kaupsamningur dags. 10. maí 2001 (fskj. 16), en samkvæmt honum keypti Baugur alla hluti í A-Holding á sama hlutfallslega verðinu og greiddi með hlutabréfum í Baugi á gengingu 12,6 á nafnverði. Verðið er skilgreint í 2. gr. samningsins og útreiknað á Schedule 1 með samningi og þar skipt á hluthafa ásamt greiðslu í hlutabréfum í Baugi.

Bjarni er beðinn um að gera nánari grein fyrir þessum kaupsamningi.

Bjarni segir að þetta sé sá samningur sem hafi verið útbúinn þegar hluthafar í A-Holding höfðu samið um yfirtöku Baugs á A-Holding. Hann segir að í samningnum komi fram skipting á hlutabréfum í A-Holding fyrir hlutabréf í Baugi.

Bjarni er spurður hvort hluthafarnir hafi fengið einhverjar aðrar greiðslur í tengslum við kaup Baugs á öllu hlutafé í A-Holding.

Bjarni kveðst þurfa að kanná það sérstaklega hvort svo hafi verið.

Bjarni er spurður hvort ákvæði "Deed of Call Option" kaupréttarsamnings frá 4. apríl 2001 hafi átt við eftir undirritun nýja samningsins frá 10. maí 2001.

Bjarni segir að kaupréttarsamningurinn frá 4. apríl 2001 hafi fallið úr gildi við nýja samninginn frá 10. maí 2001, gagnvart málsaðilum, enda þeir ekki lengur hluthafar í A-Holding.

Bjarni er beðinn um að gera sérstaka grein fyrir þeirri reiknireglu sem sett er fram í samningnum frá 10. maí 2001, við verðlagningu hlutabréfanna í A-Holding.

Bjarni segir að reikniformúlan fyrir verðlagningu hlutabréfanna í A-Holding hafi tekið mið af markaðsverði hlutabréfanna í Arcadia á þessum tíma. Í þessum samningi hafi verið samið um að söluverð bréfanna væri 16% hærra en meðalkaupgengið hafði verið. Það hafi verið nærrí markaðsgengi bréfanna á þessum tíma, eftir því sem hann best muni. Samningurinn frá 4. apríl hafi hins vegar gert ráð fyrir 34% hækkun á bréfunum til lengri tíma, allt til 28. febrúar 2002. Bjarni segir það mat hverju sinni hvað sé hagkvæmast að gera.

Undir Bjarna eru bornir þrír reikningar sem útgefnir voru af Íslandsbanka og stílaðir á A-Holding. Um er að ræða eftirfarandi reikninga:

Reikningur að fjárhæð kr. 33.175.000,-, dagsettur 5. apríl 2001, vegna ábyrgðarþóknunar til Deutsche Bank GBP 250.000.

Bjarni er beðinn um að gera grein fyrir þessum reikningi.

Bjarni segir að um sé að ræða reikning vegna ábyrgðarþóknunar til Deutsche Bank, sbr. samning þar um við Deutsche Bank og aðra hluthafa í A-Holding. Bjarni segir að ástæða þess að Íslandsbanki hafi tekist á hendur þessa ábyrgð gagnvart láni A-Holding hjá Deutsche Bank vera þá Íslandsbanki hafi verið eini hluthafinn í A-Holding sem var með lánshæfismat gagnvart Deutsche Bank. Hann segir að Deutsche Bank hafi krafist þess að Íslandsbanki bæri einn ábyrgð gagnvart þeim. Íslandsbanki hafi því fallist á að takast á hendur þessa ábyrgð með bakábyrgð hinna hluthafanna í A-Holding, sbr. 19. gr. hluthafasamnings aðila í A-Holding. Hann segir að Íslandsbanki hafi innheimt 1% ábyrgðarþóknun vegna þessa láns frá Deutsche Bank, en það sé mjög hefðbundin ábyrgðarþóknun í svona lánnaviðskiptum. Þessi reikningur hafi verið útgefinn á sama tíma og ábyrgðin hafi verið gefin út.

Bjarni segir að þessi reikningur vegna ábyrgðarþóknunar komi því uppgjörinu varðandi yfirtöku Baugs á A-Holding ekkert við.

Reikningur að fjárhæð 42.046.568, dagsettur 4. apríl 2002, er vegna ábyrgðarþóknunar kr. 34.630.000,- til Íslandsbanka, sem gjaldféll 30. apríl 2001, auk dráttarvaxta kr. 7.416.568,- vegna greiðsludrádds. Í E lið, 2. gr. kaupsamnings frá 10. maí 2001, er ákvæði um að greiða eigi Íslandsbanka þessa ábyrgðarþóknun, ISK 34.630.000.

Bjarni er beðinn um að gera grein fyrir þessum reikningi.

Bjarni segir sömu skýringar eiga við þennan reikning og þann fyrri. Þessi reikningur hafi verið gefinn út þar sem sá fyrri hafði ekki verið greiddur og því bætt við reikninginn áföllnum dráttarvöxtum.

Reikningur að fjárhæð kr. 11.143.750,- frá 5. apríl 2002, ábyrgðarþóknun fyrir tímabilið 5. apríl 2002 til 5. maí 2002. Bjarni er beðinn um að gera grein fyrir þessum reikningi.

Bjarni segir að þessi reikningur sé sama eðlis og þeir fyrri. Um sé að ræða innheimtu á 1% þóknun vegna ábyrgðarinna gagnvart lánveitingu til A-Holding frá Deutsche Bank. Reikningurinn sé hlutfallslega og krónutölulega lægri, þar sem um styttra tímabil hafi verið að ræða.

Bjarni er spurður hvort hann viti til þess að Íslandsbanki hafi fengið einhverjar frekari greiðslur í tengslum við A-Holding viðskiptin.

Bjarni kveðst þurfa að kenna það sérstaklega hvort til séu einhver gögn um frekari greiðslur til Íslandsbanka í tengslum við viðskiptin þann 10. maí 2001.

Bjarni er spurður hvort hann viti til þess að Baugur hafi greitt hluthöfum í A-Holding sérstaka þóknun eða bætur fyrir að breyta og lækka fjárhæð kaupréttar Baugs gagnvart viðkomandi hluthöfum í A-Holding.

Bjarni kveðst ekki vita til þess. Hann kveðst hafa rætt þessi mál við Jón Ásgeir á þeim tíma þegar verið var að ganga frá samningnum þann 10. maí 2001 og lagt áherslu á að Kaupþing væri ekki betur sett heldur en Íslandsbanki. Að öðru leiti kveðst Bjarni ekki vita um neinar frekari greiðslu vegna þessa samnings.

Bjarni er spurður hvort hann viti hvernig gert hafi verið upp við aðra hluthafa í A-Holding, við kaup Baugs á öllu hlutafé í féluginu, en samkvæmt samningnum frá 10. maí 2001 hafi hluthafarnir átt að fá hlutabréf í Baugi fyrir hlut sinn í A-Holding.

Bjarni segist telja að einu greiðslurnar til hluthafanna hafi verið hlutabréf í Baugi. Hann kveðst ekki geta bent á neinar aðrar greiðslur.

Bjarni er spurður hvort hann kannist við að Íslandsbanki hafi fengið um 75 milljón króna greiðslu auk hlutabréfanna í Baugi, en þær skýringar hafa m.a. komið fram í greinargerð frá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni.

Bjarni kveðst ekki kannast við það.

Bjarna er spurður hvort honum, fyrir hönd Íslandsbanka sem hluthafa í A-Holding, hafi verið kunnugt um 95.000.000 króna greiðslu frá Baugi til Gaums, þann 15.06.2001, vegna þess að Gaumur Holding hafi fallið frá mánaðargömlum kaupréttarsamningi við Baug vegna hlutabréfæignar í A-Holding.

Bjarni segir að honum hafi ekki verið kunnugt um það.

Bjarni er spurður hvort Gaumur hafi undir einhverjum kringumstæðum innheimt ábyrgðarþóknun frá A-Holding.

Bjarni segir að ef svo hafi verið, hefði verið eðlilegast að ákvæði um slíkt væri skráð inn í upphaflega hluthafasamninginn frá 4. apríl 2001 og gilti þá einnig um aðra hluthafa. Hann kveðst ekki vilja útiloka slíkt, en minnist þess ekki að svo hafi verið.

Bjarni er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Bjarni kveðst ekkert fleira hafa um þetta mál að segja.

Skýrslutöku lauk kl. 12:40.

Staðfest rétt eftir haft:

  
Bjarni Ármansson

Skýrsluna skráði:

  
Sveinn I. Magnússon

Viðstödd yfirheyrluna:

  
Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi

<b>RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN</b> <b>Efnahagsbrotadeild</b>	<b>SKÝRSLA</b> <b>YFIRHEYRSLA</b> <b>VITNI</b>	<b>R L S</b>
Skýrslu gerir Sveinn I. Magnússon, löggreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-0086	IV/39.2
Staður og stund: Reykjavík – þriðjudaginn 27. janúar 2005. Klukkan 20:00.		
Sakarefni: Ætlaður fjárdráttur – brot á lögum um bókhald		
Vitni: Bjarni Ármannsson	Kennitala: 230368-5389	
Starf/staða: Forstjóri Íslandsbanka	Vinnusími: 440-4000	
Löghemili: Bakkavör 28, Seltjarnarnes	Sími: 844-4002	
Dvalarstaður:	Sími:	

Bjarni er mættur til skýrslutöku á skrifstofu efnahagsbrotadeilda samkvæmt boðun. Bjarni er forstjóri Íslandsbanka og kom að viðskiptum bankans við Baug-Group hf. varðandi viðskipti með eignarhluti í A-Holding. Honum er kunnugt um tilefni þessarar skýrslutöku sem varðar viðskipti Íslandsbanka við Baug-Group hf varðandi uppgjör í tengslum við A-Holding, nú dótturfélag Baugs-Group hf.

Skömmu eftir skýrslutöku af Bjarna Ármannssyni í nóvember s.l. hafði hann samband við undirritaðan rannsóknara og taldi sig minnast þess að Íslandsbanki hefði fengið greidda sérstaka þóknun fyrir að samþykkja að fallið yrði frá kaupréttarsamningi Baugs við A-Holding frá 4. apríl 2001 og samþykkja nýjan samning varðandi yfirtöku Baugs á A-Holding sem undirritaður var þann 10.maí 2001. Í ljósi þess er hann mættur til skýrslutökunnar sem vitni.

Bjarna er kynnt sú ábyrgð vitnis að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta. Jafnframt að röng skýrsla vitnis getur varðað refsiábyrgð. Bjarna er einnig kynnt vitnaskyldan.

Bjarni kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og vera reiðubúinn að tjá sig.

Bjarni er spurður hvort einhver af forsvarsmönnum Baugs, eða fulltrúum þeirra, hafi haft samband við hann fyrir eða eftir síðustu skýrslutöku hans hjá löggreglu, þ.e. frá 09.11.2004.

Bjarni kveðst vera í viðskiptasambandi við Baug og kveðst sökum þess hafi hitt forsvarsmenn Baugs bæði fyrir og eftir síðustu skýrslutöku hjá löggreglu. Bjarni kveðst hafa rætt þessi málefni við Jón Ásgeir Jóhannesson eftir skýrslutökuna í nóvember s.l.

Nánar um þau samskipti við Jón Ásgeir þá kveðst Bjarni hafa rifjað upp þau samtöl sem hann átti við Jón Ásgeir í undanfara þess að Baugur yfirtók A-Holding þann 10. maí 2001. Bjarni segir að á þeim tíma hafi þeim Jóni Ásgeiri samist um það að Íslandsbanki fengi 33 milljón króna greiðslu umfram það kaupverð sem getið er í samningnum frá 10. maí 2001 um yfirtöku Baugs á A-Holding.

Bjarni segir að ekkert nýtt hafi komið fram í umræðum þeirra Jóns Ásgeirs sem átt hafi sér stað eftir skýrslutökuna frá 09.11.2004.

Bjarni kveðst hafa látið yfirlíða bókhaldið hjá Íslandsbanka er lýtur að greiðslum frá Baugi-Group hf gagngert til að kanna hvort þar mætti finna þá 33 milljón króna greiðslu sem hann hafði samið um við Jón Ásgeir í maí 2001. Bjarni skýrir svo frá að þá greiðslu hafi ekki verið að finna í bókhaldi Íslandsbanka. Einu reikningarnir sem tengdust umræddri yfirtöku Baugs á A-Holding hafi verið

06118

BPA

reikningarnir tveir sem bornir hafi verið undir Bjarna við skýrslutökuna frá 09.11.2004. Hann segir að þeir reikningar falli undir ábyrgðarsamninginn vegna fjármögnunar Deutsche Bank á hlutabréfum í Arcadia fyrir A-Holding, annars vegar og Baug hins vegar, eins og hann hafi skýrt frá við þá skýrslutöku.

Bjarni kveðst hafa falið starfsfólkí sínu að bera saman fjárhæðir þessara reikninga og beri þeim saman við þá samninga sem gerðir hafi verið vegna þeirrar bankaábyrgðar sem Íslandsbanki gekkst í gagnvart Deutsche Bank. Bjarni tekur það fram að Finnur Reyr Stefánsson, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Íslandsbanka hafi komið að þessu máli varðandi A-Holding og innheimtu á ábyrgðarþókuninni.

Bjarni segir að þrátt fyrir að umrædd viðbótarþóknun finnist ekki í bókhaldi Íslandsbanka sé ekki hægt að útiloka með öllu að hún hafi átt sér stað, þó það sé mjög ólíklegt.

Bjarni er beðinn um að gera grein fyrir því hvernig samið hafi verið um þá viðbótarþóknun sem Baugur hafi greitt Íslandsbanka og hvort gerður hafi verið skriflegur samningur þar að lútandi.

Bjarni segir að ekki hafi verið gerður neinn samningur um þessa viðbótarþóknun. Um þetta hafi þeir Jón Ásgeir rætt á sínum tíma á þann veg að gegn óhagstæðari samningi en samningnum frá 4. apríl 2001 fengi Íslandsbanki 33 milljónir króna. Þannig séu ekki til nein haldbær, skrifleg gögn um þetta samkomlag hans við Jón Ásgeir.

Bjarna er kynnt að ekki sé hægt að finna því stað í fundargerðum stjórnar Baugs frá þessum tíma að ákvörðun hafi verið tekin um að greiða hluthöfum A-Holding viðbótarþóknunum umfram umsamið kaupverð við yfirtöku Baugs á A-Holding. Þá hafa fyrverandi stjórnarmenn Baugs, þau Guðfinna Bjarnadóttir og Þorgeir Baldursson borið við því í skýrslutöku hjá löggreglu að þau reki ekki minni til þess að rætt hafi verið um slíkar viðbótarþóknanir á stjórnarfundum Baugs. Ennfremur hafi Árni Oddur Þórðarsson, sem starfaði hjá Gildingu á umræddu tímabili, greint frá því við skýrslutöku hjá löggreglu að aldrei hafi verið rætt um neinar viðbótargreiðslur við yfirtökuna, umfram umsamið kaupverð eins og það kemur fram í samningnum frá 10. maí 2001. Hann kvaðst jafnframt hafa setið hluthasafund Baugs þar sem ákvörðun var tekin um að auka hlutafé í félagini um 500 milljónir að nafnverði til að greiða hluthöfum A-Holding við yfirtökuna. Þar hafi heldur ekki verið rætt um viðbótargreiðslur til hluthafa A-Holding. Þar að auki hafa fyrverandi hluthafar í A-Holding ekki getað framvísað neinum þeim bókhaldsgögnum eða samningum sem bera það með sér að tengjast slíkum viðbótargreiðslum.

Bjarni er spurður hvort hann hafi eitthvað um þetta að segja.


Bjarni skýrir svo frá að honum hafi ekki verið kunnugt um að hluthafar í A-Holding hafi fengið sérstaklega greitt fyrir kaup Baugs á öllu hlutafé í A-Holding, umfram þá greiðslu sem getið er um í samningnum frá 10. maí 2001 og greitt var með hlutabréfum í Baugi. Hann tekur það jafnframt fram að miðað við bókhaldsgögn Íslandsbanka hafi Íslandsbanki heldur ekki fengið slíka viðbótargreiðslu.

Bjarni er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.


Bjarni kveðst ekkert frekar hafa við sinn framburð að bæta.

Skýrslutöku lauk kl. 21:14.

Staðfest rétt eftir haft:

  
Bjarni Ármannsson

Skýrsluna skráði:

  
Sveinn I. Magnússon